

Vífill Karlsson

Hagvísir Vesturlands

Ríkisstörf á Vesturlandi

Staðsetning þeirra vítt og breitt um landið og hlutfallslegur fjöldi á Vesturlandi og í einstökum sveitarfélögum þess

Skýrsla nr. 1 2019

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

EFNISYFIRLIT

Myndir	1
Töflur.....	1
1 Samandregnar niðurstöður.....	2
2 Inngangur	3
3 Borgarsamfélög, þéttbýlismyndun og hagvöxtur.....	4
4 Dreifð búseta	6
4.1 Fjölbreytni samfélags.....	6
4.2 Áhættudreifing á eldfjallaeyju.....	6
4.3 Bakvörður borga og annars þéttbýlis.....	6
4.4 Auðlindaríkt land.....	7
4.5 Ýmislegt annað.....	7
5 Borg byggist.....	8
6 Breyttar forsendur dreifðrar búsetu.....	11
7 Landfræðileg margfeldisáhrif ríkisstarfa eftir staðsetningu þeirra	15
8 Vægi ríkisins á landsbyggðunum	16
8.1 Vægi ríkisins eftir landshlutum	16
8.2 Vægi ríkisins eftir sveitarfélögum.....	18
9 Úrræði	21
9.1 Lækka skatta.....	21
9.2 Aukin umsvif hins opinbera	21
9.3 Lækka vexti	22
9.4 Fáein orð um kosti og galla úrræðanna.....	22
9.4.1 Lægri skattar.....	23
9.4.2 Aukin umsvif hins opinbera.....	23
9.4.3 Lægri vextir	24
9.5 Að lokum	25
10 Viðauki	26
11 Heimildaskrá	32

MYNDIR

MYND 1: VÖXTUR BORGNA OG HREINN ÁBATI.....	4
MYND 2: ÍBÚAR Í REYKJAVÍK ÓLAFSVÍK OG VESTMANNAEYJUM Á 18 OG 19. ÖLD.....	8
MYND 3: STARFASKIPTING EFTIR ATVINNUGREINUM 1870-2015.....	11
MYND 4: ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS SEM HLUTFALL AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU (VLF).....	12
MYND 5: TEKJUR OG GJÖLD HINS OPINBERA SEM HLUTFALL AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU (VLF).....	13
MYND 6: VERG LANDSFRAMLEIÐSLA 1945-2018, MAGNVÍSITALA.....	13
MYND 7: ÍBÚASKIPTING EFTIR LANDSHLUTUM 1. JAN 2019.....	16
MYND 8: STARFASKIPTING RÍKISINS EFTIR LANDSHLUTUM 2018.....	17
MYND 9: RÍKISSTÖRF OG OPINBERAR STOFNANIR, BREYTING Á MILLI ÁRANNA 2013 OG 2018.....	18
MYND 10: RÍKISSTÖRF OG OPINBERAR STOFNANIR, BREYTING Á MILLI ÁRANNA 2013 OG 2017.....	20

TÖFLUR

TAFLA 1: RÍKISSTARFAHALLI LANDSHLUTANNA ÁRIÐ 2018.....	16
TAFLA 2: RÍKISSTARFAHALLI LANDSHLUTANNA MEÐ STÖRFUM OPINBERRA STOFNANNA 2018.....	18
TAFLA 3: RÍKISSTARFAHALLI SVEITARFÉLAGANNA ÁSAMT OPINBERUM STOFNUNUM 2018.....	19
TAFLA 4: RÍKISSTARFAHALLI SVEITARFÉLAGANNA ÁSAMT OPINBERUM STOFNUNUM 2018.....	26
TAFLA 5: RÍKISSTARFAHALLI SVEITARFÉLAGANNA 2018.....	27
TAFLA 6: RÍKISSTÖRF OG OPINBERAR STOFNANIR, BREYTING Á MILLI ÁRANNA 2013 OG 2018.....	29

1 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Hér verða niðurstöður dregnar saman í mjög stuttu máli.

Aðalniðurstöður:

- Hvergi er eins lítið af ríkisstörfum en á Vesturlandi þegar tekið hefur verið tillit til fjölda íbúa og borið saman við önnur landsvæði (Tafla 1). Suðurland kemur þar næst á eftir. Flest eru störfin á höfuðborgarsvæðinu.
- Ef störfum opinberra stofnana er bætt við er Vesturland og Suðurland nánast jafn slæmri stöðu þar sem minnst er af ríkisstörfum þar í samanburði við önnur landsvæði (Tafla 2).
- Þegar breyting ríkisstarfa var skoðuð á tímabilinu 2013 til 2018 kom í ljós að hvergi fækkaði eins mikið og á Vesturlandi, eða um 5%, en fjölgunin var 28% þar sem hún var mest (Mynd 9).
- Fjölgun ríkisstarfa á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili, upp á 1.347, hefði farið mjög langt með að leiðrétta ríkisstarfahalla þeirra landshluta sem bjuggu við hann. Hallinn taldi 1.390 störf.
- Þegar Vesturland var brotið upp eftir sveitarfélögum kom í ljós að engin ríkisstörf voru í Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi. Annars voru þau fæst í Hvalfjarðarsveit, þá Snæfellsbæ og svo á Akranesi (Tafla 3, Tafla 4 og Tafla 5).
- Þegar breyting ríkisstarfa var skoðuð eftir sveitarfélögum á Vesturlandi árin 2013 til 2018 kom í ljós að hvergi fækkaði eins mikið og í Stykkishólmi, um 24,3% og Borgarbyggð um 17,9%. Þeim hafði hins vegar fjölgað í fimm sveitarfélögum af tíu en hlutfallslega miklu minna en þar sem fækkaði (Mynd 10 og Tafla 6).

Aðrar niðurstöður:

- Forsendur vaxtar á landsbyggðinni hafa breyst mikið. Landsbyggðin hefur lengi vel byggt á landbúnaði og sjávarútvegi. Hluttur landbúnaðar í heildarfjölda starfa landsins hefur farið úr um 80% árið 1870 í um 2% árið 2015. Í fiskveiðum var hlutdeildin mest um 22% árið 1910 en var komin í um 2% árið 2015. Ferðaþjónustan, sem nýtir landið og miðin eins og hinar tvær, var farin að nálgast það að nýta um 10% alls vinnuaflsins árið 2015 (Mynd 3).
- Árið 1870 voru opinberir starfsmenn 1% af heildarvinnuafli landsmanna og voru komnir í 30% árið 2018. Samkvæmt bráðabirgðaskoðun á tölum Hagstofu Íslands voru um 72% opinberra starfsmanna konur.
- Útgjöld ríkissjóðs hafa farið úr að vera 3% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 1901 í um 30% árið 2017 (Mynd 4).
- Þegar hið opinbera er allt tekið saman þá fóru útgjöldin úr um 20% af VLF árið 1945 í 43% 2017 (Mynd 5).
- Hagvöxtur hefur verið um 3,8% á tímabilinu 1945-2017 (Mynd 6).

2 INNGANGUR

Frá landnámi hafði landið verið nytjað allt ásamt því sem hægt var að sækja í sjó við viðsjárverðar aðstæður á litlum og illa vörðum skipum. Reyndar var meðalhiti svo hár um þetta leyti að byggð náði a.m.k. upp í 500 metrum yfir sjávarmáli en ekki er mörg sveitabýli að finna í 200 metra hæð yfir sjávarmáli í dag og verið þannig lengi.

Seint á 18. öld hófst myndun þéttbýlis á Íslandi auk þess sem mönnum virðist hafa staðið hugur til þess að byggja upp myndarlegan höfuðstað til mótvægis við Kaupmannahöfn. Á 19. öld gerðu tæknibreytingar vart við sig hérlendis sem gjörbreyttu skilyrðum til útgerðar og kynntu undir enn frekari þéttbýlismyndum. Síðar hélt tæknivæðingin innreið sína í landbúnaðinn og fleiri atvinnugreinar. Allt varð þetta til að auka hagvöxt og almenna hagsæld.

Ekki skal gert lítið úr þætti þéttbýlismyndunar á hagvöxt, sérstaklega Reykjavíkur, en samkvæmt ýmsum kenningum hagfræðinnar stuðlar þéttbýlismynd að hagvexti af ýmsum ástæðum sem raktar verða nánar hér á eftir. Það er þó alls ekki víst að heppilegast sé að allir íbúar búi í borgum og að þarna geti verið einhver gullinn meðalvegur þar sem borgir, bæir, þorp og sveitir séu sterkari saman en sem hreinræktuð sveita-, þorps-, bæjar- eða borgarsamfélög.

Vöxtur hins opinbera hefur verið mikill alla 20. öldina eins og rakið verður hér á eftir og hefur trúlega verið einn af mikilvægari ástæðum þess að borgin hefur vaxið eins og raun ber vitni. Í frumbersku hennar var það mikilvægt til að ná fram skynsamlegri nýtingu opinberra fjármuna, bæta þjónustu og stuðla að þróun þéttbýlis á Íslandi. Það má hins vegar spyrja sig hvort svo sterkur bandamaður sem borgin er, geti nú auðveldlega deilt velgengni sinni í ríkara mæli með landsbyggðinni en verið hefur. Ein leið er sú sem farin hefur verið erlendis, t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, að flytja opinber störf með skipulögðum hætti út fyrir höfuðborgirnar eins og Lise Östby sagði frá í erindi nýlega (2019) og byggði m.a. á opinberum skýrslum frá þessum löndum¹. Ástæðurnar sem Lise taldi upp fyrir flutningi opinberra starfa með þessum hætti eru: 1) Meira jafnvægi á milli landshlutanna 2) Hagræðing í opinberum rekstri 3) Bætur fyrir lokun opinberra stofnana 4) Aðskilnaður eftirlitsstofnana frá þeim sem eru undir eftirliti 5) Sterkur vinnumarkaður um allt land. Með hagræðingu er vísað til þess að húsnæðiskostnaður er lægri utan höfuðborgarsvæðisins, sem og laun og þjálfunarkostnaður getur verið lægri þar sem fólk utan höfuðborganna hefur tilhneigingu til að fara sjaldnar á milli starfa. Þá er mönnum umhugað um að ríkisstörfum fækki ekki og því leggja menn upp úr því að fjölga þeim ef það þarf nauðsynlega að leggja einhver ríkisstörf niður t.d. vegna tækniframfara. Þess utan telja menn sig ná fram meiri fagmennsku ef góð fjarlægð sé á milli starfsmanna eftirlitsstofnana og þeirra sem þurfa aðhald þeirra. Það má t.d. velta fyrir sér hvort að Fjármálaeftirlitið hefði í aðdraganda bankahrunsins átt að vera annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Hinir þættirnir tveir þurfa e.t.v. ekki frekari útskýringar við. Samkvæmt Lise þá hafa verið tvö átaksverkefni í Noregi í að flytja störf út á land. Það fyrra á áttunda áratugnum og hið seinna árið 2003. Samkvæmt tölum frá 2003 þá hafði þeim fjölgað í stærstu bæjunum og nágrenni þeirra, í milli stórum bæjum og smábæjum en ekki í strjálbýli. Hins vegar hefur þeim heldur fækkað frá 2014 í smáþorpa- og sveitasamfélögum. Í Svíþjóð hefur einnig verið rekin byggðastefna af þessu tagi undir slagorðinu: „Allt landið á að lifa“. Þar hafði ríkisstörfum fjölgað í 13 lénunum en fækkað í 8 á milli árána 2008 og 2014 (Johannsson, 2016). Í einstöku léni var fækkunin aldrei meiri en um 7% en fjölgunin 15%. Í Danmörku náðist að skapa 3.900 ríkisstörf utan Kaupmannahafnar árið 2015 og 4.000 árið 2018. Það er mjög athyglisvert að sjá fyrstu setninguna í inngangi norsku skýrslunnar sem er á þennan veg „Það er breið pólitísk samstaða um að ríkisstörf ættu að vera landfræðilega dreifð“.


Aðal viðfangsefni þessa Hagvísis er að skoða ríkisstörf og staðsetningu þeirra, þróun til sex ára og hversu mörg þau eru sem hlutfall af íbúatölu hvers þeirra. Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða

¹ Sjá allt um þær í heimildaskrá: (*Bedre balance II: Statslige arbejdspladser tættere på borgere og virksomheder*, 2018; *Bedre balance: Statslige arbejdspladser tættere på borgere og virksomheder*, 2015; Johannsson, 2016; *Plan for lokalisering av statlige arbeidsplasser*, 2017)

af hverju borgir verða til en jafnframt kosti þess að hafa búsetu um allt land. Síðan verða forsendur til vaxtar á þessum svæðum ræddar og í kjölfarið verður þýðing á starfsemi hins opinbera og þróun hennar fyrir þessa landshluta reifaðar.

3 BORGARSAMFÉLÖG, ÞÉTTBÝLISMYNDUN OG HAGVÖXTUR

Þessi kafli byggir á efni sem finna má hjá O'Sullivan (2009, bls. 235-240) ef annað er ekki tekið fram. Í borgum vegast á ábati og kostnaður sem hlýst af borgarhagræði annars vegar og borgaróhagræði hins vegar, eins og flutningskostnaður er dæmi um (Abdel-Rahman & Anas, 2004; Fujita, Krugman, & Venables, 1999; J. V. Henderson, 1974; O'Sullivan, 2009). Hagræði á rætur sínar að rekja til þess þegar meðalkostnaður fyrirtækja lækkar vegna nálægðar við fyrirtæki í sömu atvinnugrein og öðrum atvinnugreinum. Auk þess þegar fyrirtæki geta deilt framleiðsluþáttum eða stuðlað að stórum og fjölbreyttum vinnumarkaði þar sem auðvelt er að finna heppilega starfsmenn eða stuðla að þekkingaryfirfærslu. Meðalkostnaður lækkar þá vegna þess að þjálfunarkostnaður og viðskiptakostnaður verður lægri og sérhæfðir framleiðsluþættir verða betri að gæðum. Þéttbýlishagræði kemur til af sömu ástæðum sem þó eru raktar til fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum. Þá á hagræðið líka rætur sínar að rekja til þekkingaryfirfærslu milli fyrirtækja í sömu og jafnvel öðrum atvinnugreinum. Ef borgarhagræði er til staðar stuðlar það að hærri launum þar (J. Vernon Henderson, 1985; O'Sullivan, 2009).



Mynd 1: Vöxtur borga og hreinn ábati.

Byggt á mynd O'Sullivan, 2009.

Til kostnaðar við þéttbýli getur komið fleira til eins og afbrot og staðbundin mengun eru dæmi um en slíkur kostnaður er almennt talinn aukast með fjölgun íbúa.

Þetta er síðan hægt að sýna á myndrænan hátt þar sem ábatakúrfa borgarsamfélags kemur til af borgarhagræði en samfélagslega kostnaðarkúrfan endurspeglar ferðakostnað íbúanna (Mynd 1, efri). Þegar kúrfurnar eru lagðar saman fæst kúrfa hreins ábata (Mynd 1, neðri). Þess vegna verða borgir ekki óendanlega stórar heldur ná bestu stærð þar sem hreinn ábati er í hámarki (punktur C).

Hluti þessara kenningar er rakinn til Alfreds Marshall (1920) sem útskýrði þróun borga. Samkvæmt honum eru þrjár ástæður fyrir því að fyrirtæki og atvinnugreinar mynda landfræðilega klasa (þéttbýli). Í fyrsta lagi dregur nálægð úr flutningskostnaði og eykur áreiðanleika í afhendingaröryggi nauðsynlegra aðfanga og hvort þau séu nákvæmlega eins og óskað er eftir að eiginleikum. Í öðru lagi þá verður vinnumarkaðurinn stærri og sérhæfðari þar sem það eru fleiri en eitt fyrirtæki í hverri atvinnugrein. Þess vegna er líklegra að það sé auðvelt að finna hæft vinnuafli þegar eftirspurn eykst hjá fyrirtækjunum og þau sækja fram þar sem að reynslan sýnir að fólk er ólíklegra til að flytja brott frá stórum stöðum þegar kreppir að. Í þriðja lagi er þekkingaryfirfærsla meiri á milli nálægra fyrirtækja og annars konar jákvæð smitáhrif en ef lengra er á milli þeirra (Fujita et al., 1999; Krugman, 1995).

4 DREIFÐ BÚSETA

Hvers vegna ætti tæplega 350.000 manna samfélag að dreifa sér um land sem telur 102.000 km²? Er eitthvað vit í því? Það væri mjög auðvelt að koma öllum fyrir á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel svæði sem væri töluvert minna með því að byggja hátt og djúpt í jörðu. Það þarf trúlega ekki að reikna neitt sérstaklega út úr því hvort það væri ekki ódýrara heldur en að byggja landið allt með öllum þeim innviðum sem þarf til að svo megi verða.

En hvers vegna erum við þá að þessu? Einhver kynni að benda á sögulega þróun þar sem frá landnámi og fram á 19. og jafnvel 20. öld ríkti hér samfélag sem byggðist upp á landbúnaði og sjávarútvegi að hluta. Það eru nokkrar ástæður fyrir því að skynsamlegt geti verið fyrir Íslendinga að búa dreift. Þær gætu bent til þess að þegar upp er staðið, þá skili dreifð búseta okkur innihaldsríkara samfélagi eða eins og hagfræðin myndi segja: Hreinn ábati er meiri af því að búa dreift en öll á sama stað, eins þétt og kostnaðarútreikningar leggja til.

4.1 FJÖLBREYTNÍ SAMFÉLAGS

Fólk er ólíkt. Það hefur ólíkar þarfir og langanir. Þess vegna er mikilvægt að það sé úr einhverju að velja þegar fólk velur sér búsetu. Sumir eru miðbæjarrottur aðrir þorparar og enn aðrir dreifbýlistúttur. Af þessum sökum kom það fram í tímamótagreini Tiebouts (1956) að það væri heppilegast að til væru raunhæfir valkostir fyrir sem flesta að geta búið á þeim stöðum sem kæmust næst þeim óskum sem menn hafa. Það myndi því gera samfélag okkar einsleitara ef við yrðum hreint borgríki, hvorki yrði hér að finna sveitasamfélög eða sveitafólk og kannski ekki þorp og þorpara. Frumniðurstöður rannsóknar sem er í gangi núna á Íslandi staðfestir þetta og bendir til þess að fólk sé ólíkt og er í mjög misjafni þörf fyrir nálægð við ósnerta fjölbreytta náttúru eða margmenni.

4.2 ÁHÆTTUDREIFING Á ELDFJALLAEYJU

Dreifð búseta kann að vera skynsamleg vegna áhættudreifingar vegna þess að Ísland er virkt eldfjallasvæði. Þetta sjónarmið varð Valdimar Kristinssyni tíðrætt í a.m.k. þremur fræðigreinum sem hann birti með jöfnu millibili á seinni hluta 20. aldar. (Valdimar Kristinsson, 1963, 1973, 1988, 1995)

4.3 BAKVÖRÐUR BORGA OG ANNARS ÞÉTTBÝLIS

Um 40% af þurrlendi jarðar hefur þegar verið brotið undir ræktun. Stór hluti þurrlendis verður aldrei nýttur til ræktunar því þar eru skilyrði ekki hentug vegna kulda, hita og óveðra eins og t.a.m. í eyðimörkum og fjalllendi. Mannkynið telur nú rúma 7 milljarða einstaklinga. Ef marka má fyrirliggjandi mannfjöldaspár verða íbúar rúmlega 12 milljarðar árið 2100. Helmingur mannkyns býr nú þegar í borgum og mun nánast öll þessi fjölgun verða þar, og telja borgarbúar þá ¾ alls mannkyns. Borgirnar henta ekki til matvælaframleiðslu vegna skorts á nógu ódýru landi og geta því ekki brauðfætt sig sjálfar og þess vegna er landbúnaður og lífið til sveita nauðsynlegur bakhjarl nútíma lífsstíls sem hverfist mikið um lífið í borgunum. En það er fleira sem verður til við ræktun eða af landi með öðrum hætti. Þar má nefna efni í föt, byggingar og jafnvel bílaiðnað svo nærtæk dæmi séu tekin því hráefni í flestar vörur og þjónustur koma úr náttúrunni með beinum eða óbeinum hætti. Það má því segja að landbúnaður sé lífæð borganna og grunnurinn undir fæðuöryggi þeirra.

En auðvitað getur lítið land í stórum heimi flutt inn allar afurðir ef það getur selt útlöndum eitthvað annað og allar flutningaleiðir ganga snuðrulaust fyrir sig. En það vill nú þannig til að lengi vel hefur um 70-90% af útflutningstekjum Íslands komið utan af landi eða vegna auðlinda sem þar eru þannig að það er erfitt að skilja þessi samfélög að með góðu móti.

4.4 AUÐLINDARÍKT LAND

Við byggjum í auðlindaríku landi og 80-90% af útflutningstekjum þjóðarinnar eru náttúruauðlindafrekar atvinnugreinar. Lang flestar náttúruauðlindanna eru dreifðar um allt land. Þess vegna gæti verið skynsamlegt að „vinna“ þær sem næst uppsprettunni – a.m.k. að hluta til. Færa má rök fyrir því að sækja mætti allan fisk okkar frá Reykjavík en það myndi trúlega samræmast illa kröfum okkar um hagfellt vistspor matvæla ef það yrði reiknað upp á punkt og prik. Þá verða náttúruperlur landsins ekki svo auðveldlega sýndar ferðmönnum án þess að þær séu heimsóttar. Orkulindir landsins eru víða. Orkuna má hins vegar flytja á einn stað til nýtingar en flutningur á orku felur í sér orkutap þannig að nálægð við auðlind skapar betri nýtingu ef kostur er. Þess utan verður sífellt erfiðara að fá samþykki fyrir byggingu mannvirkja fyrir orkuflutninga vegna umhverfissjónarmiða. Þá sjá menn líka mikil tækifæri í uppbyggingu smávirkJana þar sem „bæjarlækurinn“ er nýttur og orkan nýtt á staðnum en síður í því að henni sé veitt út á almenna flutningsnetið þó svo verðmæti felist í því líka en ekki eins mikil og ef orkan er nýtt í framleiðslu bóndans sem virkjar. Smávirkjanir geta verið þannig gerðar að lítil sem engin ummerki verði eftir þær. Auk þess varð Íslendingum nýlega ljóst að vatnið okkar er dýrmæt auðlind m.a. er varðar grænmetisræktun. Komið hefur í ljós að víða erlendis er grænmeti ræktað með óhreinu vatni og er það farið að koma fram á gæðum þess. Erlendir aðilar hafa komið að máli við íslenska grænmetisbændur og vilja hefja samstarf um stórfellda ræktun á grænmeti með útflutning í huga vegna vatnsins hér.

4.5 ÝMISLEGT ANNÐ

Þess utan eiga nokkur rök sem færð voru fyrir fjölþættu hlutverki (einkum þeirra sem eru félagsleg) landbúnaðar í nýlegum skýrslum við hér líka (Vífill Karlsson, 2019a, 2019b).

- Fæðu og matvælaöryggi
- Varðveisla menningar, ásýnd lands og fl.
- Varðveisla búfjárkynja
- Aðgengi að útivistarsvæði og náttúruperlum
- Samspil við ferðaþjónustu í dreifbýli
- Öryggi ferðamanna og annarra vegfarenda
- Bætt nýting lands – bætt auðlindanýting


5 BORG BYGGIST

Við vitum að landsbyggðin hefur notið stuðnings frá ríkissjóði en það er fróðlegt að rifja upp að höfuðborgin hefur líka notið stuðnings ríkissjóðs, óháð því hvort þær aðgerðir voru hugsaðar sem beinn stuðningur við borgina eða ekki. Í þessum kafla verður greint frá nokkrum slíkum dæmum og litið til sögunnar í þeim efnum.

Upp úr miðri 18. öld höfðu þáverandi stjórnvöld áhyggjur af því hve þéttbýli á Íslandi væri veikt. Ráðist var í beinar aðgerðir því til höfuðs. Meðal aðgerða voru eftirfarandi hlunnindi til þeirra sem þar bjuggu og þangað fluttu:

- Ókeypis borgararéttur
- Byggingarstyrkur
- Ókeypis lóð
- Undanþága frá opinberum gjöldum í 20 ár

Þetta átti við staðina Reykjavík, Grundarfjörð, Ísafjörð, Akureyri, Eskifjörð og Vestmannaeyjar. (Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir & Hjörleifur Stefánsson, 1987)



Mynd 2: Íbúar í Reykjavík Ólafsvík og Vestmannaeyjum á 18 og 19. öld.

Gögn Hagstofu Íslands, Hagskinna.

Þess utan var ráðist í aðgerðir til að efla Reykjavík sem höfuðstað með uppbyggingu á opinberri stjórnsýslu² og þjónustu eða flutnings á embættum utan af landi þangað (Þorleifur Óskarsson, 2002a, bls. 123, 236 og 259; 2002b, bls. 157-167). Þar má nefna sem dæmi um beinar aðgerðir eða stofnun á eftirfarandi opinberum embættum eða flutnings þeirra til Reykjavíkur:

- **Innréttingarnar** voru stofnaðar og starfræktar árin 1760-1803 og hét hið Íslenska hlutafélag. Þær eru oft kenndar við Skúla Magnússon fógeta en voru stofnaðar af íslenskum embættismönnum árið 1751 á Alþingi en fékk samt mikinn opinberann fjárstuðning. Félagið starfaði víða um land en að lang mestu leyti í Reykjavík og nágrenni. Reykjavík tók stakkaskiptum eftir að starfsemi þeirra fór af stað. Í upphafi lögðu 13

² Opinber stjórnsýsla er stjórnsýsla hins opinbera. Hið opinbera er ríkið, sveitarfélög og almannatryggingakerfið. (Snævarr, 1993, bls. 321)

Íslenskir embættismenn 1.550 ríkisdali í hlutfé en konungurinn greiddi 61.300 ríkisdali í styrki til félagsins fram til ársins 1757 en ekkert eftir það. 11 hluthafar bættust við árið 1752 og hækkaði hlutfé félagsins í 2.300 við það. Stofnun félagsins var einkum drifin af miklum áhuga Íslensku embættismannanna, einkum Skúla, vaxandi áhuga danskra stjórnvalda á Íslandi m.a. vegna bágra kjara Íslendinga sem og áhugi danska Vísindafélagsins á Íslandi. Félagið tók sér margt fyrir hendur og má m.a. nefna rekstur ullarvefsmiðju, útgerðar, kaðlagerðar, litunar, skinnaverkunar, brennisteinsvinnslu ásamt því að ráðast í jarðræktartilraunir og skipasmíðar. (Þorleifur Óskarsson, 2002a, bls. 117-123)

Biskupsembættin að Hólum og í Skálholti voru lögð niður um þetta leyti eða litlu seinna og sameinuð í eitt embætti í Reykjavík auk þess sem skóli var byggður þar upp á grundvelli þeirra tveggja sem höfðu verið að Hólum og í Skálholti (Ólafur Gunnlaugsson, 1975, bls. 235). Aðrar lykilstofnanir voru síðan fluttar til Reykjavíkur eða stofnaðar rétt fyrir eða eftir aldamótin 1800 (Þorleifur Óskarsson, 2002b, bls. 157-177):

- Dómkirkja byggð 1788-1796 (Þorleifur Óskarsson, 2002a, bls. 150).
- Dómkirkjuprestur 1835 (Þorleifur Óskarsson, 2002b, bls. 162).
- Alþingi var endurreist í Reykjavík 1844 og kom fyrst saman 1845.
- Landsyferréttur stofnaður 1801 (Þorleifur Óskarsson, 2002b, bls. 163).
- Landlæknir og apótekarinn 1833 (Þorleifur Óskarsson, 2002b, bls. 162).
- Latínuskólinn (síðar Menntaskóli Reykjavíkur) fluttur til Reykjavíkur frá Bessastöðum 1846.
- Prentsmiðja flutt úr Viðey til Reykjavíkur 1844.
- Árin 1850-1870 ýmsar minni stofnanir eins og vísar eða upphaf að landsbókasafni, þjóðminjasafni, læknaskóli, banki (Landsbankinn stofnaður 1885) (Jóhannes Nordal, 2002, bls. 41).
- Ríkið stofnaði stóra **ullarverksmiðju** í Reykjavík 1903. Þar hafði stærð vinnumarkaðarins mikil áhrif á að Reykjavík varð fyrir valinu ásamt góðum samgöngum en þær voru hvergi betri á landinu á þessum tíma. (Guðjón Friðriksson, 1991, bls. 369)

Glöggur lesandi greinir auðveldlega viðsnúning í íbúatölu staðarins í kringum þessa viðburði. Tölur yfir fjölda íbúa í Reykjavík á árunum kringum 1800 ásamt fjölda íbúa í Ólafsvík og Vestmannaeyjum gefa það til kynna (Mynd 2). Áfram styrktist höfuðborgin fyrir eigin rammleik eða við stuðning ríkisins og einkaframtaksins. Reykjavík varð því fyrst samfélaga hérlendis eða meðal þeirra fyrstu sem tóku skrefin inn í nútímann:


- Íslandsbanki stofnaður 1902, einkabanki, en tók til starfa 1904 (*Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1909*, 1910, bls. 32).
- Háskóli stofnaður 1911
- Ákvörðun um að beina öllum milliríkjaviðskiptum um Reykjavík 1905-1939 (Sigfús Jónsson, 1984).
- Reykjavíkurhöfn 1917. Til framkvæmdarinnar fékkst ríkisstyrkur upp á 400.000 kr. og ríkisábyrgð á lán til allt að 1,2 m.kr. Tilboði í hafnargerðina upp á 1,5 m.kr. var tekið. Ekki kemur fram í heimildinni hvort verkið fór fram úr áætlun tilboðsgjafa og hver hafi þá borið kostnaðinn. (Guðjón Friðriksson, 1991, bls. 321-324) Segja má að Reykjavíkurhöfn hafi gefið borginni dýrmætan vaxtasprota þar sem grunnur var lagður að öflugri togaraútgerð og miðstöð viðskipta á landinu. Í árdaga togaraútgerðar nutu eingöngu þéttbýli með hafnaraðstöðu þeirrar byltingar því ekki vildu útgerðarmenn leggja skipum sínum við óvarðar bryggjur.
- Rafvæðing Borgarinnar var framkvæmd Reykjavíkurborgar en naut aðstoðar ríkisins. Hún hófst með opnun Elliðaárvirkjunar árið 1921. Hún kostaði 2,8 m.kr. (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 279) og bar eina 1.000 hestafla túrbínu og aðra 500 og mátti bæta einni 1.000 hestafla síðar í stöðvarhúsið (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 274-275) og var hún sett niður 1923 og átti að duga í þrettán ár (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 279) Árið 1933

hafði raforka Elliðaárstöðvarinnar þrefaldast á meðan íbúatalan hafði tvöfaldast og enn var raforkuskortur (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 280). Fljótlega var því farið að horfa til annarra kosta og var virkjun við Sogið talinn álitlegur kostur. Árið 1937 hófst rafmagnsframleiðsla þar með 12.500 hestafla vélum og kostaði hún tæpar 7 m.kr. (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 301) Árið 1942 var afl Elliðaár- og Sogsvirkjunar full nýtt. Þá var ráðist í að kaupa 7.650 hestafla vélasamstæðu í Sogsvirkjun og var heildarafl hennar þá 20.150 hestöfl en vegna fyrirsjáanlegs áframhaldandi skorts var Elliðaárvirkjun stækkuð og var heildarafl virkjananna tveggja komið í 34.650 hestöfl árið 1948 (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 302). Tekist var á um ríkisábyrgð fyrir lánveitingum til Sogsvirkjunarinnar en mikil andstaða var við það þar sem þetta virtist ætla að vera rafmagn fyrir Reykjavíkurborg eingöngu (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 296 og 298). Að lokum tryggði Alþingi hins vegar Reykjavíkurborg sérleyfi til virkjunar við Sog (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 299) og ríkisábyrgð fyrir 8 m.kr. (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 295). Árið 1949 keypti ríkið stóran hlut í Sogsvirkjun þar sem rafmagn þaðan fór til hluta Suðurlands og Reykjaness (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 302).

- Hitaveita var opnuð haustið 1943 í Reykjavík og um áramótin var búið að tengja 2.850 hús. Hitaveitan kostaði 30 m.kr. Ekki verður annað séð en að Reykjavíkurborg hafi framkvæmt þetta ein og óstudd þó að ríkið hafi kostað tilraunaboranir í Mosfellssveit. (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 306 og 304)
- Vatnsveita 1909. Í Reykjavík kom upp taugaveiki árið 1906 og hafði gert alltaf annað slagið sem rakið hefur verið beint til mengunar í vatnsbóli bæjarbúa og talið að stöðva mætti með byggingu vatnsveitu. Árið 1907 var samþykkt að ráðast í gerð vatnsveitu í bænum og var hún opnuð 1909. Fyrir þann tíma höfðu verið brunnar víða um bæinn sem sáu íbúum fyrir vatni. Þá hafði alvarlegur kólerufaraldur komið upp í Kaupmannahöfn árið 1853 sem talið var að mætti koma í veg fyrir með einni stórri vatnsveitu á vegum borgarinnar. Vatnsveita var síðar lögð í Kaupmannahöfn árin 1856-1859. Fyrir þann tíma höfðu verið margar ófullkomnar einkareknar vatnsveitur víða um borgina. Þetta virðist hafa beint sjónum Íslendinga að því að eitthvað þyrfti að gera í Reykjavík (Þóroddur Th. Sigurðsson, 1986, bls. 161). Mikið og gott yfirlit um aðdraganda og þróun vatnsveitu í Reykjavík má finna í endurminningum Knud Zimsen fyrrum bæjarstjóra Reykjavíkur (Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 69-142).

6 BREYTTAR FORSENDUR DREIFÐRAR BÚSETU

Oft er talið að tæknivæðing hafi hafist á Íslandi í lok 19. aldar. Samkvæmt opinberum hagtölum störfuðu lang flestir við landbúnað á þeim tíma eða um 80% (Mynd 2). Síðan hefur þetta hlutfall lækkað mjög hratt og er í dag um 2%. Framan af sótti fólk í sjávarútveg vítt og breytt um landið og hann virtist taka stakkaskiptum, þegar horft er til hlutar hans í fjölda starfandi á landinu öllu, fyrst eftir að samdráttarskeið hefst í landbúnaði. Hann þróaðist síðan á sama hátt eftir að tækni við fiskveiðar þróaðist og síðar þegar stjórnvöld fóru að stýra sókn í fiskistofna við landið með markmiðið um sjálfbæra þróun að leiðarljósi.



Mynd 3: Starfaskipting eftir atvinnugreinum 1870-2015.
Gögn Hagstofu Íslands. Heimild Guðmundur Jónsson (1999) og Hagstofa Íslands


Ferðaþjónusta³ hefur síðan verið vaxandi atvinnugrein, einkum í kjölfar veikingu krónunnar og nokkurra annarra viðburða í kjölfar bankahrunsins 2008 en hafði samt vaxið í a.m.k. tvo áratugi þar á undan þó svo það hafi ekki farið að telja verulega í fjölda starfandi fyrir en eftir bankahrunið. Þess hefur gætt víða um land enda eðli atvinnugreinarinnar með þeim hætti að hún byggir á aðdráttarafli íslenskra náttúruperla sem finna má í mikilli fjölbreytni um allt land. Þetta er og hefur verið tækifæri fyrir hinar dreifðu byggðir en virðist hverfandi lítið þegar horft er á þær þrengingar sem landsbyggðin hefur mátt þola í á annað hundrað ár (Mynd 2).

Á meðan þessi þróun hefur átt sér stað hefur verið staðið myndarlega að því að byggja upp höfuðborgina eins og nefnt var áðan. Það birtist m.a. í því að árið 1870 voru opinberir starfsmenn⁴

³ Tölurnar á bakvið rauða strikið í myndinni eru eingöngu fyrir hótél- og veitingarektur. Hins vegar var settur inn einn rauður punktur fyrir árið 2018. Hann átti að vera 16,4% og er tala atvinnugreinar sem Hagstofa Íslands kallar „einkennandi greinar ferðaþjónustu“ og vinnur sérstaklega til að ná betur til ferðaþjónustunnar en hótél- og veitingarektur gerir. Reyndar er þessi tala eingöngu fyrstu þrjú ársfjórðungar ársins 2018.

⁴ Opinberir starfsmenn eru starfsmenn hins opinbera.


1% af heildarvinnuafli landsmanna og voru komnir í 30% árið 2018. Samkvæmt bráðabirgðaskoðun á tölum Hagstofu Íslands voru um 72% opinberra starfsmanna konur⁵.



Mynd 4: Útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF).
Gögn Hagstofu Íslands

Þá fundust tölur yfir vægi útgjalda ríkisins (eingöngu) í VLF (Mynd 4) yfir langan tíma eða frá 1901 til 2018. Þar sést að vöxturinn hefur verið mikill þar sem hann hefur farið úr 3,4% í 31% á tímabilinu og rennir það stöðum undir þessa miklu útpenslu hins opinbera á 20. öldinni og lýst var í kaflanum á undan. Athygli vekur mikið yfirskot í þróuninni í bankahruninu 2008. Þá er sambærilegt yfirskot árið 1959. Engar augljósar skýringar fundust í fljótu bragði á því en augljóst er af sögunni að í bankahruninu dróst VLF hressilega saman á meðan að útgjöld ríkisins stóðu í stað eða jukust.


⁵ Þá var eingöngu horft til starfsmanna í atvinnugreinunum (ÍSAT 2008): opinber stjórnslá, varnarmál, almannatryggingar (O), Fræðslustarfsemi (P), Heilbrigðis og félagsstarfsemi (Q).



Mynd 5: Tekjur og gjöld hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF).

Gögn Hagstofu Íslands

Þegar teknar voru sambærilegar tölur fyrir hið opinbera en eingöngu frá árinu 1945 kom í ljós að þenslan sambærileg. Að vísu er ríkissjóður 14% af VLF árið 1945 en 19% hjá hinu opinbera sé horft til útgjalda. Hið opinbera var síðan 43% árið 2017 en það er því rúmlega tvöföldun frá lokum seinni heimstyrjaldar sem hið opinbera þenst út.



Mynd 6: Verg landsframleiðsla 1945-2018, magnvísitala.

Gögn Hagstofu Íslands

Þetta verður einkar áhugavert þegar þróun VLF að raungildi á sambærilegu tímabili er skoðuð. Hagvöxtur hefur verið mikill eða að jafnaði um 3,8% árlega⁶ á þessu tímabili. Ljóst má því þykja að meðbyrinn hefur verið mikill á þeim stöðum sem starfsemi hins opinbera er sem mestur en þau sem ekki hafa notið vaxtarins upplifað efnahagslegan mótbýr ef skattbyrðin er lík hlutfallslega á milli staða. Í þessum tilgangi var ákveðið að skoða svokallaðann ríkisfjárfnuð⁷.

Gerð var tilraun til að meta ríkisfjárfnuðinn fyrir Vesturlandi árið 2013 (Kamilla Rún Gísladóttir, 2013) og kom í ljós að slagsíða var á honum, eða um 30%. Fyrir hverjar 10 krónur sem Vestlendingar hafa greitt í ríkissjóð eru 7 krónur nýttar til að reka opinbera framleiðslu og eða þjónustu á Vesturlandi.

Nú hafa verið dregnar fram vísbendingar sem benda til að landfræðilegt ósamræmi sé á milli öflunar og ráðstöfunar opinbers fjármagns, höfuðborgarsvæðinu í hag en landsbyggðinni í óhag, en að þessu hefur athygli flestra beinst hingað til. Jafnvel þó menn geti á þessum tímabili benti á hugsanlega skekkju í þeim tölum sem kynntar voru sem vísbendingar í grein minni (Vífill Karlsson, 2005) og fleiri aðila (Þóroddur Bjarnason & Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2012; Kamilla Rún Gísladóttir, 2013) sem reynt hafa að tölusetja þetta þá hníga þær flestar í sömu átt. Fleiri vísbendingar verða dregnar upp hér í næsta kafla þar sem fjallað verður um nýrri tölur Bygðastofnunar um staðsetningu ríkisstarfa.

Á hitt má einnig líka benda að hér er um langvarandi þróun að ræða sem hófst í lok 18. aldar eins og benti hefur verið á. Íslendingar hafa byggt upp allan megin þunga opinberrar þjónustu og stjórnsýslu í Reykjavík og nágrenni. Það hefur í marga áratugi dregið taum eins svæðis umfram önnur, vegna þess að með starfsemi hins opinbera er svæðisbundinn hagvöxtur örvaður á höfuðborgarsvæðinu en virkar eins og efnahagshemill annars staðar líkt og þegar stjórnvöld beita fjármálastefnu til að slá á ofpenslu hagkerfa. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að um miðja 20. öld var uppruni landsframleiðslunnar að mestum hluta utan höfuðborgarsvæðisins og á sama tíma var vægi hins opinbera mest á höfuðborgarsvæðinu.

⁶ Hér er ekki um hagvöxt á mann að ræða.

⁷ Ríkisfjárfnuður tiltekens landsvæðis (eða stað eða sveitarfélagi) er mismunur á sköttum og öðrum gjöldum hins opinbera sem einstaklingar og lögaðilar á viðkomandi landsvæði greiða að frádregnum opinberum tekjutilfærslum, styrkjum og öðrum opinberu fé sem ráðstafað er með beinum eða óbeinum hætti á viðkomandi landsvæði.

7 LANDFRÆÐILEG MARGFELDISÁHRIF RÍKISSTARFA EFTIR STAÐSETNINGU ÞEIRRA

Störf hjá hinu opinbera hafa staðbundin margfeldisáhrif. En velgengi á einu landsvæði geta smitast yfir á annað landsvæði (Myrdal, 1957), Staðbundin margfeldisáhrif eru meiri á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni af þeirri einföldu ástæðu að Reykjavík er ekki aðeins höfuðborg heldur einnig og kannski miklu frekar miðstöð viðskipta á Íslandi, innlendra sem erlendra. Af þeirri ástæðu verlar fólk á landsbyggðinni meira á höfuðborgarsvæðinu heldur en á höfuðborgarbúar á landsbyggðinni. Skoðanakannanir bæði á Vesturlandi og Austurlandi bentu til að önnur hver króna landsbyggðarbúa rati aftur í vasa höfuðborgarbúa en hins vegar aðeins tíundahver króna höfuðborgarbúa aftur í vasa landsbyggðarbúa. Af þessum sökum mætti ætla að meiri margfeldisáhrif verði á höfuðborgarsvæðinu vegna hagvaxtar á landsbyggðinni en margfeldisáhrif á landsbyggðinni vegna svæðisbundins hagvaxtar á höfuðborgarsvæðinu.

Kjarni málsins er því sá að þegar tekið er tillit til fjármögnunar ríkissjóðs, verða höfuðborgarbúar ekki fyrir jafn miklum skaða af staðsetningu eins viðbótarstarfs hjá hinu opinbera á landsbyggðinni og tap landsbyggðarfólks er af staðsetningu þess á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má orða þannig að staðbundinn hagvöxtur dregst ekki eins mikið saman á höfuðborgarsvæðinu ef starf hjá hinu opinbera er flutt af höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina og hann dregst saman á landsbyggðinni ef það er flutt af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið, og veldur þ.a.l. minni landfræðilegri efnahagsröskun. Ef um nýtt opinbert starf er að ræða má segja að staðbundinn hagvöxtur aukist hlutfallslega mikið á landsbyggðinni og all nokkuð á höfuðborgarsvæðinu ef starfið er staðsett á landsbyggðinni en hlutfallslega mikið á höfuðborgarsvæðinu en hverfandi lítið á landsbyggðinni ef það er staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þegar síðan er haft í huga hvort svæðið hefur verið í vörn og sókn þá virðist manni vera augljóst hver á að styðja hvern í baráttu fyrir tilveru sinni.

Þessi niðurstaða er óháð því á hvort svæðið hallar í öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns. Hún felur það óbeint í sér að ef menn vilja að rekstur hins opinbera komi sem flestum landsmönnum til góða þá staðsetja menn fleiri opinberar stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins en eru þar núna, á því hagnast bæði landsbyggðar- og höfuðborgarbúar í ríkara mæli heldur en ef þær væru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan felur það líka óbeint í sér að margfeldisáhrifin verða mest á landsvísu ef starf á vegum hins opinbera er staðsett utan höfuðborgarsvæðisins eins og málum er háttað í dag.


Auðvitað er það þannig að sum störf hins opinbera eru best staðsett í höfuðborg eða á stað sem er vel tengdur sem flestum íbúum landsins. Það eru dæmigerðar þjónustustofnanir þar sem þjónustan verður eingöngu veitt þar sem þjónustuveitandinn og þyggjandinn hittast. Þá er einhver sérhæfð þjónusta bundin af því að vera í nálægð við sem stærsta og fjölbreyttasta vinnu-, vöru- og þjónustumarkaði. Að öðru leyti skiptir litlu hvar hún er staðsett ef fjarskipti eru í lagi.

Hafa verður einnig í huga að störfum hins opinbera fylgir stöðugleiki á vinnumarkaði og það er eiginleiki sem atvinnulíf í dreifbýli nýtur í sífellt minna mæli og er að sumra mati ein af megin orsökum búferlaflutninga. Óvissa á vinnumarkaði er talin ein af megin orsökum byggðavandans. Þarna er trúlega hreyft við einum af megin ástæðum búferlaflutninga.

8 VÆGI RÍKISINS Á LANDSBYGGÐUNUM

8.1 VÆGI RÍKISINS EFTIR LANDSHLUTUM

Fyrst verður dregin upp mynd af því hvar íbúar landsins búa og síðan verður sú skipting borin saman við skiptingu ríkisstarfa. Íbúarnir voru flestir, 63,8%, á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs 2017 (Mynd 7). Næst flestir voru þeir á Norðurlandi eystra 8,7%.



Mynd 7: Íbúaskipting eftir landshlutum 1. jan 2019.
Gögn Hagstofu Íslands.

Ríkisstörfin skiptust þannig að flest voru þau 70,6% á höfuðborgarsvæðinu (Mynd 8) eða um 10% fleiri en íbúar landshlutans (Mynd 7). Við reiknum samt halla hvers landshluta á annan hátt en þannig og köllum hann ríkisstarfahallann í þessum Hagvísi.


Tafla 1: Ríkisstarfahalli landshlutanna árið 2018.
Gögn Bygðastofnunar og útreikningar höfundar.

Landsvæði	Dálkur A Skipting íbúanna	Dálkur B Fjöldi ríkisstarfa	Dálkur C Skipting ríkisstarfa	Dálkur D Ríkisstörf ef jafnvægi	Dálkur E Ríkisstarfa- hali, (B – D)	Dálkur F Ríkisstarfa- hali % (B – D)
Höfuðborgarsvæðið	63,93%	14.639	70,6%	13.249	-1.390	-9,5%
Vesturland	4,62%	536	2,6%	958	422	78,8%
Vestfirðir	1,98%	443	2,1%	410	-33	-7,5%
Norðurland vestra	2,02%	485	2,3%	420	-65	-13,5%
Norðurland eystra	8,53%	1.678	8,1%	1.767	89	5,3%
Austurland	2,99%	512	2,5%	619	107	20,9%
Suðurland	8,33%	1.127	5,4%	1.726	599	53,2%
Suðurnes	7,59%	1.303	6,3%	1.574	271	20,8%

Ríkisstarfahallinn er reiknaður þannig (Tafla 1) að fyrst er reiknuð hlutfallsleg íbúaskipting landsmanna eftir landshlutum og hún síðan notuð til að reikna fjölda ríkisstarfa út frá

heildarfjöldi þeirra árið 2018 sem var 20.724 þegar þeim störfum sem voru erlendis er haldið utan við töluna. Þá fæst fjöldi ríkisstarfa í dálki D. Síðan er reiknaður munurinn á þeim tölum og raunverulegum fjölda ríkisstarfa eftir landshlutum. Þá kom í ljós að halli er mestur gagnvart Vestur- og Suðurlandi en þar þyrftu ríkisstörfum að fjölga um 78,8% og 53,2% til þess að vera í samræmi við fjölda íbúanna á viðkomandi landshlutum. Hins vegar fær höfuðborgarsvæðið, Vestfirðir og Norðurland vestra all nokkra meðgjöf á þennan kvarða. Ríkisstörfum mætti fækka um 9,5% á höfuðborgarsvæðinu, 13,5% á Norðurlandi vestra og 7,5% á Vestfjörðum þegar þetta er skoðað svona.

Samkvæmt ríkisstarfahallanum þá voru störf ríkisins á Vesturlandi 536 árið 2017 eða 2,6% allra ríkisstarfa (Tafla 1). Hins vegar voru íbúarnir 16.257 eða 4,7% landsmanna. Ef það hlutfall væri notað til að skipta ríkisstörfum niður á landshluta ættu þau að vera 958 á Vesturlandi eða 78,8% fleiri en þau eru það árið.



Mynd 8: Starfaskipting ríkisins eftir landshlutum 2018.

Gögn Byggðastofnunar.

Ef tölur yfir stofnanir eru hafðar með í töflu 1 verða niðurstöðurnar hins vegar á annan veg. Þá hallar á alla landshluta nema höfuðborgarsvæðið. Mest á Suðurlandi og Vesturlandi um 39% og svo á 32,5% Austurland og 30,3% á Suðurnesjum. Annars staðar var hallinn undir 10%.

Árið 2013 hófst talning Byggðastofnunar á ríkisstörfum með þeim hætti sem þeir gera í dag og hafa gert síðan á hverju ári. Þegar breytingin á fjölda ríkisstarfa ásamt stofnanna var skoðuð á milli árána 2013 og 2018 kom í ljós að þeim hafði fjölgað um 1% á Vesturlandi (Mynd 9). Fjölgunin var alls staðar meiri á landinu. Þegar þessar tölur voru leiðréttar fyrir íbúapróun þá fækkaði ríkisstörfum um 5% á Vesturlandi. Svona reiknað fjölgaði ríkisstörfum alls staðar eða fækkaði minna en á Vesturlandi.


Athygli vekur mikil fjölgun á Suðurnesjum um 61% (Mynd 9) en hún verður trúlega rakin til mikillar þenslu í ferðaþjónustu á undanförunum árum og staðsetningar stærsta millilandaflugvallar landsins. Næstir í röðinni voru Norðurlandi eystra, 11%, þá á Vestfirðir, 10%, og Suðurland, 9%.

Tafla 2: Ríkisstarfahalli landshlutanna með störfum opinberra stofnanna 2018.

Gögn Byggðastofnunar og útreikningar höfundar.

Landsvæði	Dáلكur A Skipting í búanna	Dáلكur B Fjöldi ríkisstarfa	Dáلكur C Skipting ríkisstarfa	Dáلكur D Ríkisstörf ef jafnvægi	Dáلكur E Ríkisstarfa- hali, (B-D)	Dáلكur F Ríkisstarfa- hali % (B- D)
Höfuðborgarsvæðið	63,93%	17.509	70,9%	15.783	-1.725	-9,9%
Vesturland	4,62%	821	3,3%	1.142	320	39,0%
Vestfirðir	1,98%	454	1,8%	488	35	7,7%
Norðurland vestra	2,02%	485	2,0%	500	15	3,1%
Norðurland eystra	8,53%	1.948	7,9%	2.105	157	8,1%
Austurland	2,99%	557	2,3%	738	181	32,5%
Suðurland	8,33%	1.474	6,0%	2.056	582	39,5%
Suðurnes	7,59%	1.439	5,8%	1.875	436	30,3%

Það vekur einnig athygli að fjölgunin í ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu einu á milli þessara ára, sem taldist 1.347 störf, hefði farið langt með að jafna hlut þeirra landsvæða sem hallar á árið 2018 eða samtals 1.390 störf. Þannig hefði kerfisbundin áætlun um störf án staðsetningar ekki þurft að bitna á neinum starfsmanni höfuðborgarsvæðisins ef menn gæfu sér 10 ára aðlögun.



Mynd 9: Ríkisstörf og opinberar stofnanir, breyting á milli árána 2013 og 2018.

Byggt á gögnum Byggðastofnunar. Hlutfallsleg breyting starfa annars vegar og síðan leiðrétt fyrir breytingu á fjölda íbúa hins vegar.

Ef horft er líka til starfa í stofnunum þá hefði fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu dugað til að leiðrétta 70% af ríkisstarfahalla á landsbyggðinni þar sem störfum fjölgaði um 1.212 en 1.726 störf vantaði á landsbyggðinni til að réttu vægi væri náð þar á milli íbúafjölda og fjölda ríkisstarfa.

8.2 VÆGI RÍKISINS EFTIR SVEITARFÉLÖGUM

Þegar samskonar útreikningum var beitt á sveitarfélög kom í ljós að á Vesturlandi hallar verulega á öll þeirra nema Dalabyggð, Stykkishólmsbæ og Skorradalshrepp (Tafla 3). Þar munar

hlutfallslega mest um hallann gagnvart Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit en Hvalfjarðarsveit, Snæfellsbæ og Akranesbæ ef horft er til þeirra sveitarfélaga sem eru með einhvern þjónustukjarna. Í Hvalfjarðarsveit er hallinn hlutfallslegur upp á rúm 4.000%, 174% í Snæfellsbæ og 36% í Akranesbæ. Það þýðir að ef þetta er viðmiðið þyrfti ríkisstörfum að fjölga um tæp 36% í Grundarfjarðarbæ ef þau ættu að vera í samræmi við fjölda íbúanna, nærri 174% í Snæfellsbæ og rúm 4.000% í Hvalfjarðarsveit. Þeim þyrfti að fjölga á tveimur öðrum stöðum á Vesturlandi: Í Grundarfjarðarbæ um 24% og í Borgarbyggð um 22%.

Tafla 3: Ríkisstarfahalli sveitarfélaganna ásamt opinberum stofnunum 2018.

Gögn Bygðastofnunar og útreikningar höfundar.

Sveitarfélag	A Skipting íbúanna yfir landið	B Fjöldi ríkis- starfa	C Skipting ríkis- starfa yfir landið	D Ríkis- störf ef jafn- vægi	E Ríkis- starfa- hali, (B-D)	F Ríkis- starfa- hali %, (E/B)	G Sætis- röð
Dalabyggð	0,19%	47,648	0,2%	47	-1	-2,3%	11
Stykkishólmur	0,34%	83,63	0,3%	83	-1	-0,7%	12
Skorradalshreppur	0,02%	4	0,0%	4	0	0,3%	13
Borgarbyggð	1,07%	216,59	0,9%	263	47	21,6%	22
Grundarfjarðarbær	0,24%	48,29	0,2%	60	12	24,0%	23
Akranes	2,08%	377,69	1,5%	513	135	35,7%	27
Snæfellsbær	0,47%	42,31	0,2%	116	73	173,6%	39
Hvalfjarðarsveit	0,18%	1	0,0%	44	43	4312,0%	60
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,03%	0	0,0%	8	8		65
Helgafellssveit	0,02%	0	0,0%	4	4		67


Sætisröð var sett inn í töfluna (dálkur G) til að skoða hvar sveitarfélögin stæðu hlutfallslega í samanburði við önnur sveitarfélög. Við sjáum t.d. að Dalabyggð er í 11 sæti ofan frá. Það eru því aðeins tíu sveitarfélög með hlutfallslega fleiri opinber störf en Dalabyggð þegar borið var saman við íbúafjöldann. Aðeins var hægt að reikna þennan halla fyrir 63 sveitarfélög af 73. Hvalfjarðarsveit var því nálægt því að vera með mesta ríkisstarfahallann.

En ef horft er til fjölda starfa þá munaði mest um 135 ríkisstörf á Akranesi, 73 í Snæfellsbæ og 47 í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit ekki langt undan með 44.

Töflu eins og þessa yfir öll sveitarfélög á landinu er að finna í viðauka (Tafla 4). Einnig má finna sambærilega töflu í viðauka þar sem eingöngu er horft á ríkisstörf án starfa í stofnunum (Tafla 5).

Þegar skoðað var hvort störfunum hefur fjölgað eða fækkað á milli árána 2013 og 2018 kom í ljós hafði þeim fjölgaði hlutfallslega mest í Skorradalshreppi og Hvalfjarðarsveit þar sem engin opinber störf höfðu verið þar 2013 en fjögur í Skorradalshreppi en 1 í Hvalfjarðarsveit árið 2018. Engin súla birtist hins vegar fyrir þessi sveitarfélög í myndinni þar sem þetta reiknast sem óendanlega stór hlutfallsleg breyting (Mynd 10). Af þeim sveitarfélögum sem var unnt að reikna hlutfallslega breytingu kom Akranes best út með aukningu upp á 14,5%. Hins vegar var þessi tala bara 3,5% þegar leiðrétt var fyrir íbúapróun á sama tíma því fjölgað hefur mikið. Þá voru bæði Dalabyggð og Snæfellsbær hærri eða 6,7% og 5,7% en þar hefur fækkað á sama tíma og ríkisstörfum hefur fjölgað lítið eitt.

Hins vegar fækkaði ríkisstörfum í Stykkishólmsbæ á tímabilinu um 17% þegar leiðrétt var fyrir íbúafjölgun, einnig í Borgarbyggð um 11,6% og 2,7% í Grundarfjarðarbæ. Ítarlegan lista yfir þessar breytingar hjá öllum sveitarfélögum á landinu er að finna í viðauka (Tafla 6).



Mynd 10: Ríkisstörf og opinberar stofnanir, breyting á milli árána 2013 og 2017.

Byggt á gögnum Bygðastofnunar. Hlutfallsleg breyting starfa annars vegar og síðan leiðrétt fyrir breytingu á fjölda íbúa hins vegar.

Áhugavert er að sjá að ekkert sveitarfélag á Vesturlandi kemst nærri þeirri aukningu sem varð hjá þeim landshluta þar sem hún var mest á tímabilinu (Mynd 9). Hins vegar er þróunin mikið óhagfelldari í nokkrum þeirra en þeim landshluta þar sem hún var verst.

9 ÚRRÆÐI

Hvað segir þjóðhagfræðin um hagstjórnartæki hins opinbera þegar það skal örvað? Hið opinbera hefur tæki sem flokkur eru á milli fjármálastefnu eða peningamálastefnu til að örva hagkerfið. Í grófum dráttum má segja að tvennt komi til greina þegar fjármálastefnu er beitt: Lækka skatta eða auka umsvif hins opinbera.

9.1 LÆKKA SKATTA

Markmið skatta og opinberra gjalda eru ekki alltaf eingöngu að fjármagna starfsemi hins opinbera. Sköttum, sektum eða álögum hins opinbera er stundum beitt sem hagstjórnartæki og þá til þess að hafa áhrif á atferli neytenda og getur verið megin markmið þeirra. Dæmi um þetta eru innflutningstollar til að beina neytendum frá erlendum vörum að innlendum, grænir skattar vegna umhverfismála eða umferðarsektir til að sporna gegn hættulegum atferli, sykurskattur vegna lýðheilsu. Hér ber einnig að nefna niðurgreiðslur eða einhverskonar styrki eða verðlaun. Í stað þess að stofna til gjaldskyldu gagnvart þeim er hagar sér á samfélagslega óheppilegan hátt þá er niðurgreiðslum beitt til að verðlauna samfélagslega heppilega hegðun.

Þegar kemur að byggðapróun þá hafa ýmsar leiðir af þessu tagi verið farnar héraðs og/eða erlendis:

- Draga úr skattheimtu á landsvæðum á miklu undanhaldi. Hærri persónuafsláttur eða lægri skattsprósenta fyrir íbúa brothættra byggða.
- Niðurgreiðslur (Námslán, flutningsstyrkir, lægra tryggingargjald). Í Noregi hafa námslán verið afskrifuð um ákveðinn hundradshluta fyrir hvert ár sem háskólagenginn einstaklingur býr í dreifbýli landsins.
- Einnig hafa fyrirtæki þar greitt lægra tryggingagjald. Þá hefur fólki verið veitt flutningsstyrkir ef þau kjósa að flytja í hinar dreifðu byggðir landsins.
- Ferðastyrkir hafa verið veittir fólki sem fer langt til vinnu. Þetta er þekkt leið sem farin hefur verið víða á Norðurlöndum og í Þýskalandi svo dæmi séu tekin. Þetta er kannski ekki heppileg leið núna þegar loftslagsmál eru í brennidepli en í staðinn gæti verið hægt að styðja við það sem kallað hefur verið störf án staðsetningar. Uppbygging á ljósleiðaraneti um land allt er dæmi um slíkt héraðs og er því fagnað. Því mætti síðan fylgja eftir með viljanum eða getunni til að gera fólki kleyft að stunda vinnu með þeim hætti. Það er eins og sumum stjórnendum eigi erfitt með að hafa hluta starfsmanna sinna annars staðar en á aðalskrifstofu fyrirtækisins. Þó er eins og einkafyrirtæki séu opnari fyrir þessari þróun en opinber.

9.2 AUKIN UMSVIF HINS OPINBERA

Hin megin leið hins opinbera til að örva hagkerfi eða letja er að ráðast í opinberar framkvæmdir, fjárfestingar eða rekstur. Á krepputímum hefur hið opinbera stundum staðið fyrir verkefnum eins og vegaframkvæmdum, smíði opinberra bygginga og ýmislegt fleira sem gert hefur verið í von um að örva hagkerfi í þrengingum og byggja á kenningum sem raktar til hins þekkta hagfræðings John Maynard Keynes (Keynes, 1936).

Þau úrræði sem beita mætti í anda aukinna umsvifa hins opinbera í byggðamálum væru t.d.:

- Flytja opinber verkefni/störf til landshluta sem eru í vörn og einkum þeirra sem hafa neikvæðan ríkisfjárfjöfnuð. Ljóst má þykja að mörg opinber þjónusta þarf að vera staðsett „miðlægt“ vegna þess að með því er verið að lágmarka samfélagslegan kostnað við að veita hana. Þetta er sú þjónusta sem veitt verður eingöngu með því að fólk hittist. Þetta á við um

ýmsa lækniþjónustu sem verður ekki leyst nema læknir hitti sjúklinginn. Hins vegar eiga mörg verkefni sem eru óháð miðlægrri staðsetningu vel heima um allt land. Þarna má nefna gagnsófnun og úrvinnslu þeirra eins og t.d. Hagstofu Íslands. Þá eiga „plássfrek“ opinber verkefni frekar heima utan höfuðborgarsvæðisins þar sem landvirði og fasteignaverð er hvergi hærra á landinu.

- Uppbygging innviða er líka góð leið til að efla brothættar byggðir. Margar kenningar benda til þess að einangrun vinni gegn brothættum byggðum. Maður er, jú, manns gaman. Þá væri mikið unnið við það að bæta samgöngur (Vífill Karlsson, 2004) og fjarskipti almennt. Önnur leið er að byggja upp þróunarsetur eða atvinnugarða eins og það var kallað í skýrslu SSV fyrir nokkrum árum (Vífill Karlsson, 2001, bls. 14-15). Það er gert til þess að rjúfa faglega einangrun einyrkja en hún getur verið íbúunum verulega erfið.
- Sameining sveitarfélaga er kannski ein skilvirkasta leið til að jafna ríkisfjárfjöfnuð og dreifa opinberum störfum ef þeim fylgja verkefni til sveitarfélaga sem færa þeim ný störf heim í hérað. Það urðu t.d. ekki til mörg ný störf þegar grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaganna þar sem ríkið rak þá þegar grunnskólanna dreift um landið.
- Flytja hluta starfa viðkomandi stofnana út á land. Í stað þess að taka heilu stofnanirnar og flytja hreppaflutningum þá má auglýsa einhver störf þeirra án staðsetningar.
- Nýjar stofnanir verði settar niður frá fyrsta degi utan höfuðborgarsvæðisins. Nú stendur fyrir dyrum stofnun Þjóðgarðastofnunar. Það verður að teljast „dauðfæri“ í að draga úr landfræðilegum ríkisfjárfjöfnuði.

9.3 LÆKKA VEXTI

Hlutverk seðlabanka er að fara með peningamálastefnu hins opinbera. Eins og með fjármálastefnuna þá á peningamálastefnan að vinna með stjórnvöldum í hagstjórn eins og t.d. að slá á ofpenslu eða örva hagkerfið allt eftir því hvar það er statt í hagsveiflunni. Heppilegast er því að lækka vexti í hallæri en hækka þá í góðæri en þó aðallega ef það stefnir í ofpenslu í góðæri eða óheppilega mikið atvinnuleysi í hallæri. Birtingarmyndir góðæris og hallæris eru yfirleitt ekki sambærilegar í brothættum byggðum því íbúarnir bregðast við atvinnuleysi með því að flytja brott, annaðhvort til stærri bæja, borgarinnar eða útlanda. Í góðæri minni byggða fjölgar því fólki aftur.

Byggðastofnun hefur haft það hlutverk að veita fyrirtækjum lán á þeim landsvæðum sem venjulegir viðskiptabankar lána ekki eða við það háum vöxtum að nærri ómögulegt er að fjárfesta til framtíðar í atvinnulífi þar. Það hlutverk hefur Byggðastofnun starfrækt í um 40 ár og virkar því á vissan hátt eins og Seðlabankinn fyrir landið allt þó svo hlutverk stofnananna séu um margt ólík. Síðan er það stöðug umræða hvort ganga ætti lengra eða skemur í niðurgreiðslu vaxta til starfandi fyrirtækja á landsbyggðunum en Byggðastofnun starfar eftir lögum sem Alþingi setur henni.

9.4 FÁEIN ORÐ UM KOSTI OG GALLA ÚRRÆÐANNA

Hér verður reynt að segja frá helstu kostum og göllum þeirra úrræða sem fjallað var um hér áðan. Allar þeirra duga til að jafna ríkisstarfahallann sem fjallað var um hér frammar. Einnig að koma á meira jafnvægi milli landshlutanna eins og færð hafa verið rök fyrir erlendis að skipti máli og kom fram í inngangi.

9.4.1 LÆGRI SKATTAR

Kostir

- Með lægri sköttum mætti hitta „þolendur“ fyrir með beinum fjárhagslegum hætti.
- Kemur til með að mæta að nokkru leyti tveimur af fimm þeirra ástæðum sem talin voru upp í inngangi sem hafa legið til grundvallar flutnings ríkisstarfa út á land í flestum Norðurlöndunum og fjallað var um í inngangi. Það eru bætur fyrir lokun opinberra stofnana og sterkur vinnumarkaður um allt land.

Gallar

- Ef beita á skattkerfinu með þessum hætti væri verið að flækja skattkerfi landsmanna sem margir vilja einfalda til að gera skattheimtu ríkisins einfaldari og gegnsærri. Að sumra mati er heppilegast að hafa markmið skattkerfisins sem fæst í tekjujöfnunartilgangi. Að ekki skuli jafna fjárhagslega stöðu þegnanna í gegnum það heldur beita sérstöku jöfnunarkerfi til þess eins og t.d. almannatryggingakerfinu er ætlað.

9.4.2 AUKIN UMSVIÐ HINS OPINBERA

Kostir

- Einn megin kostur þessa úrræðis er að það mætir öllum þeim ástæðum sem taldar voru upp í inngangi og hafa legið til grundvallar flutningi ríkisstarfa út á land á flestum Norðurlöndunum. Hins vegar er þetta eina úrræðið sem nær til tveggja ástæðnanna sem eru hagræðing í opinberum rekstri og aðskilnaður eftirlitsstofnana frá þeim sem eru undir eftirliti. Að lokum má færa rök fyrir því að þetta úrræði nái best til landsbyggðarinnar sem bætur fyrir lokun opinberra stofnana og sem styrking vinnumarkaðarins. Það er vegna þess að með lægri sköttum er líklegt að hluti þeirra muni leita út úr staðbundna hagkerfinu á ný þar sem fjármagn er hreyfanlegra en vinnuafli. Þess utan kann með flutningi opinberra starfa að nást meiri fjölbreytni á vinnumarkaðnum, meiri stöðugleiki og störf fyrir konur heldur en ef vextir eru lækkaðir. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að í nýlegri rannsókn sem er í vinnslu hefur verið sýnt fram á að fábreytni á vinnumarkaði er líklegastur til að fá fólk til að íhuga að flytja brott.
- Styður við fjölgun kvenna í brothættum byggðum. Komið hefur fram að konur eru almennt færri í byggðum sem hafa átt í vök að verjast um langt árabíll. Einnig hefur verið sýnt fram á að búseta kvenna er viðkvæmari en karla fyrir hverskyns efnahagslegum þrengingum sem lýst er í hefðbundnum búferlaflutningalíkönnum hagfræðinnar (Vífill Karlsson, 2013). Þar kemur til að konur á landsbyggðunum eru almennt í tekjulægri störfum en karlar og launamunur kynja meiri en á höfuðborgarsvæðinu. Svo hefur börnum fækkað mjög mikið á landsbyggðunum – sérstaklega til sveita (Vífill Karlsson, 2015). Þó svo börn leggi fjárhagslegar byrðar á hvert sveitarfélag þá eru þau framtíð byggðanna og þess vegna mjög þeim mikilvæg. Störf hjá ríki og sveitarfélögum krefjast yfirleitt menntunar. Þar sem konur eru nú mun fleiri í háskólum landsins þá er líklegt að

aukun umsvif hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins örvi fjölgun kvenna á landsbyggðunum.

Gallar

- Ekki hefur alltaf reynst heppilegt að rífa rótgrónar opinberar stofnanir upp og flytja í heilu lagi á milli hreppa. Það hefur stundum komið miklu róti á starfsmenn stofnananna, ógnað mannauði þeirra og verið pólitískt erfið framkvæmd og því kannski heppilegra að horfa til annarra leiða eins og sameininga sveitarfélaga, flutning að hluta til (útibú) eða starfa án staðsetningar. Sé horft til fyrstu leiðarinnar þarf ríkið að fylgja sameiningum betur eftir með flutningi verkefna frá sér til sveitarfélaga og þá helst verkefni sem ríkið rekur ekki sjálf um allt land. Hingað til hefur eingöngu tveimur verkefnum verið ráðstafað með þeim hætti en það eru grunnskólarnir og málefni fatlaðra og reyndar almenningssamgöngur að hluta. Á sama tíma hefur sveitarfélögum fækkað verulega frá því sem þau voru flest 229 í 73. En flutningur þessara málaflokka breytti kannski ekki miklu fyrir fjölda opinberra starfa utan höfuðborgarsvæðisins þar sem starfsmenn málaflokkanna voru þá þegar úti í byggðunum. Þá var reynslan af þeim flutningum ekki að öllu leyti jákvæð þar sem sveitarfélögin fullyrða að ekki hafi fylgt þeim nægjanlegt fjármagn. Ríkið þarf því að gæta þess að standa betur að þeim þætti, annað hvort með meiri fjármunum eða betri upplýsingum svo þær þrætur þurfi ekki að koma til.

9.4.3 LÆGRI VEXTIR

Kostir

- Rennir stoðum undir atvinnurekstur utan höfuðborgarsvæðisins. Í byggðum væri fjármagn ekki á lausu fyrir starfandi fyrirtæki í mörgum atvinnugreinum – hvað þá á sömu kjörum eins og fyrirtækjum bjóðast á höfuðborgarsvæðinu eða lægri. Það gerir þessum aðilum kleift að auka afkastagetu séu tækifæri til þess, breikka vöruúrval eða þjónustu eða gera núverandi rekstur hagkvæmari með nýrri tækni. Með fleiri fyrirtækjum og betri afkomu þeirra eiga byggðarlög möguleika á að bregðast við mótbyr og/eða sækja fram.
- Kemur því til með að mæta tveimur af fimm atriðum sem talin hafa verið upp á Norðurlöndunum sem rökstuðningur fyrir flutningi ríkisstarfa út á land. Það eru bætur fyrir lokun opinberra stofnana og sterkur vinnumarkaður um allt land.

Gallar

- Of lágir vextir geta líka stuðlað að lakari hagvexti þegar til lengri tíma er litið. Þá fara „verkefni“ með lága arðsemi að berjast um takmarkað fjármagn með hærri arðsemi. Hér verður að hafa hugfast að hagvöxtur getur verið ólíkur á milli landshluta. Landshluti sem er stöðugt með hægari hagvöxt en annar dregst óhjákvæmilega aftur.
- Þá er viss hætta á því að fyrirtæki staðsetji sig þar sem þeim bjóðast hagstæðari vaxtakjör en eru í reynd með starfseminna annars staðar og utan þess svæðis sem stuðningurinn átti að renna til.

9.5 AÐ LOKUM

Oft er því haldið á lofti að landsbyggðirnar séu baggi á höfuðborgarsvæðinu. Margar úttektir hafa sýnt fram á hið gagnstæða eða í besta falli að heilu landshlutarnir séu með ríkisfjárfnuðinn í jafnvægi. Það er alltaf vont að búa við það að vera talinn þurfalingur og enn verra þegar það á ekki við rök að styðjast. Það er því mikilvægt að þessi rangfærsla verði leiðrétt fyrir það fólk sem býr á þessum svæðum.

Vont er þegar umræðan fer að hverfast um afmörkuð verkefni hins opinbera. Oft er því t.d. haldið fram að fjármagn til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu sé ekki í neinu samræmi við hvar íbúar búa. Ef reynt er að horfa til alls ríkisfjárfnuðar eins og hér er reynt þá og hvaða úrræði eru hentugust hvaða landshluta þá næst meiri og heildstæðari mynd á viðfangsefnið og stöðuna. 1. janúar 2019 bjuggu 356.991 á Íslandi. Þar af bjó um 64% á höfuðborgarsvæðinu en 5,2% í sveitum landsins. Hinir bjuggu í minna þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins.

10 VIÐAUKI

Tafla 4: Ríkisstarfahalli sveitarfélaganna ásamt opinberum stofnunum 2018.

Gögn Bygðastofnunar og útreikningar höfundar. Raðað eftir ríkisstarfahalla í %.

Sveitarfélög	A Skipting í búanna	B Fjöldi ríkis- starfa	C Skipting ríkis- starfa	D Ríkis- störf ef jafnvægi	E Ríkis- starfa- halla, (B-D)	F Ríkis- starfa- halla %, (E/B)
Fljótshlíshreppur	0,02%	15,0	0,1%	5	-10	-65,9%
Reykjavík	36,08%	15.528,4	62,9%	8.907	-6.622	-42,6%
Blönduós bær	0,26%	82,8	0,3%	65	-18	-21,6%
Ísafjarðarbær	1,06%	328,8	1,3%	263	-66	-20,1%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,18%	53,8	0,2%	43	-10	-19,5%
Hveragerðisbær	0,74%	217,9	0,9%	182	-36	-16,6%
Strandabyggð	0,13%	36,8	0,1%	31	-6	-15,7%
Akureyri	5,30%	1.533,1	6,2%	1.309	-224	-14,6%
Sveitarfélagið Skagafjörður	1,12%	298,8	1,2%	276	-23	-7,6%
Reykjanesbær	5,30%	1.395,8	5,7%	1.308	-87	-6,3%
Dalabyggð	0,19%	47,6	0,2%	47	-1	-2,3%
Stykkishólmsbær	0,34%	83,6	0,3%	83	-1	-0,7%
Skorradalshreppur	0,02%	4,0	0,0%	4	0	0,3%
Skútustaðarhreppur	0,14%	34,2	0,1%	35	0	1,4%
Fljótshlíshérað	1,01%	241,0	1,0%	249	8	3,3%
Seyðisfjarðarkaupstaður	0,19%	45,8	0,2%	47	2	3,5%
Rangárþing ytra	0,46%	102,7	0,4%	113	10	10,2%
Sveitarfélagið Árborg	2,66%	582,2	2,4%	656	74	12,7%
Bláskógabyggð	0,31%	67,5	0,3%	78	10	14,9%
Mýrdalshreppur	0,19%	41,5	0,2%	48	7	16,0%
Norðurþing	0,85%	178,5	0,7%	210	32	17,8%
Borgarbyggð	1,07%	216,6	0,9%	263	47	21,6%
Grundarfjarðarbær	0,24%	48,3	0,2%	60	12	24,0%
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,67%	129,9	0,5%	165	35	27,1%
Fjallabyggð	0,56%	108,2	0,4%	139	31	28,3%
Húnaþing vestra	0,33%	62,7	0,3%	82	19	30,3%
Akranes	2,08%	377,7	1,5%	513	135	35,7%
Vesturbyggð	0,28%	49,8	0,2%	69	19	38,5%
Skaftárhreppur	0,16%	28,2	0,1%	40	12	43,1%
Sveitarfélagið Skagaströnd	0,13%	21,7	0,1%	31	10	43,7%
Húnavatnshreppur	0,10%	17,8	0,1%	26	8	44,2%
Fjarðabyggð	1,42%	240,4	1,0%	351	110	45,9%
Reykholahreppur	0,07%	11,4	0,0%	18	6	56,2%
Árneshreppur	0,01%	1,7	0,0%	3	1	63,7%
Vestmannaeyjar	1,20%	180,2	0,7%	297	117	65,1%
Langanesbyggð	0,14%	19,8	0,1%	35	15	76,4%

Grímsnes- og Grafningshreppur	0,14%	16,4	0,1%	34	18	107,9%
Dalvíkurbyggð	0,53%	52,0	0,2%	132	80	153,5%
Snæfellsbær	0,47%	42,3	0,2%	116	73	173,6%
Bolungarvík	0,27%	23,2	0,1%	66	43	184,4%
Mosfellsbær	3,21%	269,5	1,1%	793	523	194,1%
Kópavogur	10,36%	834,4	3,4%	2.557	1.723	206,4%
Þingeyjarsveit	0,25%	19,6	0,1%	62	42	215,9%
Rangárþing eystra	0,54%	41,5	0,2%	133	92	220,3%
Hafnarfjörður	8,35%	594,5	2,4%	2.061	1.466	246,7%
Vopnafjarðarhreppur	0,18%	9,7	0,0%	46	36	373,0%
Garðabær	4,57%	232,9	0,9%	1.127	894	384,0%
Grindavíkurbær	0,96%	39,2	0,2%	237	198	505,3%
Djúpavogshreppur	0,13%	5,1	0,0%	33	28	536,3%
Seltjarnarnesbær	1,31%	48,0	0,2%	323	275	572,4%
Kaldrananeshreppur	0,03%	1,0	0,0%	7	6	612,3%
Hrunamannahreppur	0,22%	5,7	0,0%	54	49	860,3%
Akrahreppur	0,06%	1,0	0,0%	14	13	1296,9%
Akrahreppur	0,06%	1,0	0,0%	14	13	1296,9%
Súðavíkurhreppur	0,06%	1,0	0,0%	14	13	1310,7%
Kjósarhreppur	0,07%	1,0	0,0%	16	15	1545,9%
Sveitarfélagið Ölfus	0,60%	6,9	0,0%	149	142	2064,1%
Grýtubakkahreppur	0,10%	0,7	0,0%	26	25	3565,2%
Hörgársveit	0,17%	1,0	0,0%	43	42	4159,9%
Hvalfjarðarsveit	0,18%	1,0	0,0%	44	43	4312,0%
Suðurnesjabær	0,97%	4,4	0,0%	241	236	5369,5%
Eyjafjarðarsveit	0,29%	1,3	0,0%	72	71	5443,0%
Ásahreppur	0,07%	-	0,0%	17	17	
Borgarfjarðarhreppur	0,03%	-	0,0%	8	8	
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,03%	-	0,0%	8	8	
Flóahreppur	0,19%	-	0,0%	46	46	
Helgafellssveit	0,02%	-	0,0%	4	4	
Skagabyggð	0,03%	-	0,0%	6	6	
Svalbarðshreppur	0,03%	-	0,0%	6	6	
Svalbarðsstrandarhreppur	0,14%	-	0,0%	34	34	
Sveitarfélagið Vogar	0,36%	-	0,0%	89	89	
Tálknafjarðarhreppur	0,07%	-	0,0%	18	18	
Tjörneshreppur	0,02%	-	0,0%	4	4	

Tafla 5: Ríkisstarfahalli sveitarfélaganna 2018.

Gögn Byggdastofnunar og útreikningar höfundar. Raðað eftir ríkisstarfahalla í %.

Sveitarfélög	A Skipting íbúanna	B Fjöldi ríkis- starfa	C Skipting ríkis- starfa	D Ríkis- störf ef jafnvægi	E Ríkis- starfa- halli, (B-D)	F Ríkis- starfa- halli %, (E/B)
--------------	--------------------------	---------------------------------	-----------------------------------	-------------------------------------	---	---

Fljótsdalshreppur	0,02%	15,0	0,1%	4	-11	-71,4%
Reykjavík	36,08%	13.259,9	64,0%	7.477	-5.783	-43,6%
Blönduósþær	0,26%	82,8	0,4%	55	-28	-34,2%
Ísafjarðarbær	1,06%	328,8	1,6%	221	-108	-32,9%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,18%	53,8	0,3%	36	-17	-32,4%
Strandabyggð	0,13%	36,8	0,2%	26	-11	-29,2%
Sveitarfélagið Skagafjörður	1,12%	298,8	1,4%	232	-67	-22,5%
Akureyri	5,30%	1.330,6	6,4%	1.099	-232	-17,4%
Skorradalshreppur	0,02%	4,0	0,0%	3	-1	-15,8%
Skútustaðarhreppur	0,14%	34,2	0,2%	29	-5	-14,9%
Fljótsdalshérað	1,01%	241,0	1,2%	209	-32	-13,3%
Seyðisfjarðarkaupstaður	0,19%	45,8	0,2%	40	-6	-13,1%
Reykjanesbær	5,30%	1.259,8	6,1%	1.098	-161	-12,8%
Sveitarfélagið Árborg	2,66%	582,2	2,8%	551	-32	-5,4%
Bláskógarbyggð	0,31%	67,5	0,3%	65	-2	-3,6%
Norðurþing	0,85%	178,5	0,9%	177	-2	-1,1%
Stykkishólmsbær	0,34%	66,8	0,3%	70	3	4,3%
Húnaþing vestra	0,33%	62,7	0,3%	69	6	9,4%
Vesturbyggð	0,28%	49,8	0,2%	58	8	16,2%
Sveitarfélagið Skagaströnd	0,13%	21,7	0,1%	26	4	20,7%
Húnavatnshreppur	0,10%	17,8	0,1%	22	4	21,1%
Fjallabyggð	0,56%	84,8	0,4%	117	32	37,3%
Árneshreppur	0,01%	1,7	0,0%	2	1	37,4%
Rangárþing ytra	0,46%	68,7	0,3%	95	26	38,2%
Grundarfjarðarbær	0,24%	35,9	0,2%	50	14	40,1%
Fjarðabyggð	1,42%	195,6	0,9%	294	99	50,5%
Mýrdalshreppur	0,19%	26,2	0,1%	40	14	54,3%
Akranes	2,08%	264,7	1,3%	430	166	62,5%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,14%	16,4	0,1%	29	12	74,5%
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,67%	77,4	0,4%	139	61	79,2%
Vestmannaeyjar	1,20%	139,0	0,7%	250	111	79,6%
Borgarbyggð	1,07%	116,5	0,6%	221	105	89,7%
Dalabyggð	0,19%	19,2	0,1%	39	20	103,3%
Bolungarvík	0,27%	23,2	0,1%	55	32	138,8%
Þingeyjarsveit	0,25%	19,6	0,1%	52	32	165,2%
Rangárþing eystra	0,54%	41,5	0,2%	112	70	168,9%
Kópavogur	10,36%	684,5	3,3%	2.146	1.462	213,6%
Skaftárhreppur	0,16%	10,8	0,1%	34	23	214,2%
Langanesbyggð	0,14%	9,1	0,0%	29	20	221,2%
Snæfellsbær	0,47%	27,9	0,1%	97	69	248,3%
Vopnafjarðarhreppur	0,18%	9,7	0,0%	38	29	297,0%
Hafnarfjörður	8,35%	405,9	2,0%	1.730	1.324	326,2%
Hveragerðisbær	0,74%	30,8	0,1%	153	122	395,2%
Grindavíkurbær	0,96%	39,2	0,2%	199	160	408,1%

Djúpavogshreppur	0,13%	5,1	0,0%	27	22	434,1%
Seltjarnarnesbær	1,31%	48,0	0,2%	271	223	464,4%
Garðabær	4,57%	166,4	0,8%	946	780	468,7%
Kaldrananeshreppur	0,03%	1,0	0,0%	6	5	497,9%
Dalvíkurbyggð	0,53%	18,1	0,1%	111	92	510,3%
Hrunamannahreppur	0,22%	5,7	0,0%	46	40	706,1%
Mosfellsbær	3,21%	73,5	0,4%	665	592	804,9%
Akrahreppur	0,06%	1,0	0,0%	12	11	1072,6%
Akrahreppur	0,06%	1,0	0,0%	12	11	1072,6%
Súðavíkurhreppur	0,06%	1,0	0,0%	12	11	1084,2%
Kjósarhreppur	0,07%	1,0	0,0%	14	13	1281,6%
Reykholahreppur	0,07%	1,0	0,0%	15	14	1397,7%
Sveitarfélagið Ölfus	0,60%	6,9	0,0%	125	118	1716,6%
Grýtubakkahreppur	0,10%	0,7	0,0%	22	21	2976,7%
Hörgársveit	0,17%	1,0	0,0%	36	35	3475,9%
Hvalfjarðarsveit	0,18%	1,0	0,0%	37	36	3603,6%
Suðurnesjabær	0,97%	4,4	0,0%	202	198	4491,3%
Eyjafjarðarsveit	0,29%	1,3	0,0%	60	59	4553,0%
Ásahreppur	0,07%	-	0,0%	14	14	
Borgarfjarðarhreppur	0,03%	-	0,0%	6	6	
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,03%	-	0,0%	7	7	
Flóahreppur	0,19%	-	0,0%	39	39	
Helgafellssveit	0,02%	-	0,0%	4	4	
Skagabyggð	0,03%	-	0,0%	5	5	
Svalbarðshreppur	0,03%	-	0,0%	5	5	
Svalbarðsstrandarhreppur	0,14%	-	0,0%	29	29	
Sveitarfélagið Vogar	0,36%	-	0,0%	75	75	
Tálknafjarðarhreppur	0,07%	-	0,0%	15	15	
Tjörneshreppur	0,02%	-	0,0%	3	3	

Tafla 6: Ríkisstörf og opinberar stofnanir, breyting á milli árána 2013 og 2018.

Gögn Bygðastofnunar og útreikningar höfundar. Í stafrófsröð.

Sveitarfélög	A Fjöldi ríkisstarfa 2018	B Fjöldi ríkisstarfa 2013	C Breyting	D Breyting, %	E Breyting á íbúa, %
Akrahreppur	1	1	0	0%	3%
Akranes	378	330	48	14%	3%
Akureyri	1.533	1.385	148	11%	6%
Árneshreppur	2	1	1	69%	124%
Ásahreppur	0	0	0		
Bláskógarbyggð	67	50	18	36%	13%
Blönduósbær	83	88	-5	-5%	-11%
Bolungarvík	23	30	-7	-24%	-24%
Borgarbyggð	217	245	-28	-12%	-18%
Borgarfjarðarhreppur	0	0	0		

Dalabyggð	48	45	3	7%	7%
Dalvíkurbyggð	52	51	1	2%	0%
Djúpavogshreppur	5	9	-4	-45%	-45%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0		
Eyjafjarðarsveit	1	0	1		
Fjallabyggð	108	103	5	5%	5%
Fjarðabyggð	240	238	2	1%	-3%
Fljótsdalshérað	241	215	26	12%	8%
Fljótsdalshreppur	15	16	-1	-6%	-14%
Flóahreppur	0	0	0		
Garðabær	233	200	33	17%	1%
Grindavíkurbær	39	41	-2	-4%	-19%
Grímsnes- og Grafningshreppur	16	13	3	26%	8%
Grundarfjarðarbær	48	50	-2	-3%	-3%
Grýtubakkahreppur	1	0	1		
Hafnarfjörður	594	743	-148	-20%	-27%
Helgafellssveit	0	0	0		
Hrunamannahreppur	6	4	2	47%	46%
Húnavatnshreppur	18	13	5	38%	52%
Húnaþing vestra	63	64	-1	-2%	-2%
Hvalfjarðarsveit	1	0	1		
Hveragerðisbær	218	205	12	6%	-6%
Hörgársveit	1	1	0	0%	-9%
Ísafjarðarbær	329	279	50	18%	13%
Kaldrananeshreppur	1	0	1		
Kjósarhreppur	1	0	1		
Kópavogur	834	675	159	24%	8%
Langanesbyggð	20	13	7	50%	58%
Mosfellsbær	270	306	-37	-12%	-30%
Mýrdalshreppur	41	35	6	17%	-18%
Norðurþing	179	154	24	16%	7%
Rangárþing eystra	42	49	-7	-15%	-24%
Rangárþing ytra	103	105	-2	-2%	-7%
Reykholahreppur	11	11	0	1%	6%
Reykjanesbær	1.396	811	585	72%	32%
Reykjavík	15.528	14.026	1.502	11%	4%
Seltjarnarnesbær	48	31	17	56%	47%
Seyðisfjarðarkaupstaður	46	53	-8	-14%	-17%
Skaftárhreppur	28	20	8	40%	8%
Skagabyggð	0	0	0		
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	54	37	17	47%	24%
Skorradalshreppur	4	0	4		
Skútustaðarhreppur	34	25	9	35%	0%
Snæfellsbær	42	40	2	5%	6%
Strandabyggð	37	35	2	6%	20%
Stykkishólmsbær	84	101	-17	-17%	-24%

Suðurnesjabær	4	43	-39	-90%	-91%
Súðavíkureppur	1	0	1	120%	118%
Svalbarðshreppur	0	0	0		
Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	0		
Sveitarfélagið Árborg	582	571	11	2%	-15%
Sveitarfélagið Hornafjörður	130	88	42	48%	34%
Sveitarfélagið Skagafjörður	299	282	17	6%	6%
Sveitarfélagið Skagaströnd	22	29	-7	-24%	-16%
Sveitarfélagið Vogar	0	1	-1	-100%	-100%
Sveitarfélagið Ölfus	7	7	0	-5%	-16%
Tálknafjarðarhreppur	0	0	0		
Tjörneshreppur	0	0	0		
Vestmannaeyjar	180	174	6	3%	2%
Vesturbyggð	50	56	-6	-10%	-15%
Vopnafjarðarhreppur	10	9	0	2%	7%
Þingeyjarsveit	20	21	-1	-7%	-5%

11 HEIMILDASKRÁ

- Abdel-Rahman, H. M., & Anas, A. (2004). Theories of systems of cities. In J. V. Henderson & J.-F. Thisse (Eds.), *Handbook of regional and urban economics* (Vol. 4, pp. 2293-2339). Amsterdam: Elsevier.
- Anna Lea Gestsdóttir. (2019) *Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2018*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt af: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni#2018>
- Bedre balance II: Statslige arbejdspladser tættere på borgere og virksomheder.* (2018). Sótt af: <https://www.fm.dk/publikationer/2018/bedre-balance-ii>
- Bedre balance: Statslige arbejdspladser tættere på borgere og virksomheder.* (2015). Sótt af: <https://www.fm.dk/publikationer/2015/bedre-balance>
- Fujita, M., Krugman, P., & Venables, A. J. (1999). *The spatial economy: Cities, regions, and international trade*. Cambridge: The MIT Press.
- Guðjón Friðriksson. (1991). *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar: 1870-1940, fyrri hluti*. Reykjavík: Iðunn.
- Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir & Hjörleifur Stefánsson. (1987). *Kvosin: Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík: Torfusamtökin.
- Guðmundur Jónsson. (1999). *Hagvöxtur og iðnvæðing: Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870-1945*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.
- Henderson, J. V. (1974). The sizes and types of cities. *The American Economic Review*, 64(4), 640-656.
- Henderson, J. V. (1985). *Economic theory and the cities* (2nd ed.). London: Academic Press Inc
- Johannsson, S. (2016). *Statliga myndigheters lokalisering: Ett samlat underlag*. Sótt af: <http://www.statskontoret.se/globalassets/publikationer/2016/201608.pdf>
- Jóhannes Nordal. (2002). Mótun peningakerfis fyrir og eftir 1930. In J. H. Haralz (Ed.), *Frá kreppu til viðreisnar: Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930 til 1960*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kamilla Rún Gísladóttir. (2013). *Umsvif ríkisins á Vesturlandi: Hlutdeild Vesturlands í tekjum og útgjöldum ríkissjóðs*. (B.S. Economics), Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af: http://ssv.is/Files/Skra_0069198.pdf
- Keynes, J. M. (1936). *The General Theory of Employment, Interest and Money*. London: Palgrave Macmillan.
- Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1909.* (1910). Sótt af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=384173&pageId=6451313&lang=is&q=%EDslandsbanki%20Stofna%F0ur
- Lúðvík Kristjánsson. (1952). *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsen fyrrum borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Reykjavík: Helgafell.
- Marshall, A. (1920). *Principles of economics*. London: MacMillan and Co.
- Myrdal, G. (1957). *Economic theory and underdeveloped regions*. London: Methuen & Co.
- Ólafur Gunnlaugsson. (1975). Álitsgerð Ólafs Gunnlaugssonar. *Saga*, 13(1), 5-276.
- O'Sullivan, A. (2009). *Urban economics* (7th ed.). New York: McGraw-Hill / Irwin.
- Plan for lokalisering av statlige arbeidsplasser.* (2017). Sótt af: <https://www.regjeringen.no/contentassets/d15e0f19e7d9439ea5c1b08ba888bdd1/nm-no/sved/1.pdf>
- Sigfús Jónsson. (1984). *Sjávarútvegur Íslendinga á 20. öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurður Snævarr. (1993). *Haglýsing Íslands*. Reykjavík: Heimskringla.
- Tiebout, C. M. (1956). A pure theory of local expenditures. *The Journal of Political Economy*, 64(5), 416-424.
- Valdimar Kristinsson. (1963). Þróunarsvæði á Íslandi. *Fjármálatíðindi*, 10(3), 165-175.
- Valdimar Kristinsson. (1973). Borgir og byggðajafnvægi. *Fjármálatíðindi*, 20(2), 110-124.
- Valdimar Kristinsson. (1988). Borg og byggðir. *Fjármálatíðindi*, 35(1), 19-32.
- Valdimar Kristinsson. (1995). Byggðamál - er eitthvað til ráða? *Fjármálatíðindi*, 42(2), 281-286.
- Vífill Karlsson. (2001). *Byggðamál, vangaveltur um aðgerðir og aðgerðaleyfi*. Sótt af: http://ssv.is/wp-content/uploads/2016/09/Skra_0005172.pdf

- Vífill Karlsson. (2004). *Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.
- Vífill Karlsson. (2005). Um landfræðilegt misræmi á milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera og afleiðingar þess fyrir landshluta á Íslandi. *Calculus research paper series, 1*, 1-14.
- Vífill Karlsson. (2013). Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review, 0*(0), 1-24.
- Vífill Karlsson. (2015). Börn í sveitum á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands, 15*(1), 1-21. Sótt af: http://ssv.is/Files/Skra_0073188.pdf
- Vífill Karlsson. (2019a). *Landfræðilegt efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi*. Sótt af: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>
- Vífill Karlsson. (2019b). *Landfræðilegt og efnahagslegt litróf garðyrkju á Íslandi*. Sótt af: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/10/UmsvifGardraektarLandshlutarLOKAEINTAK.pdf>
- Þorleifur Óskarsson. (2002a). *Saga Reykjavíkur í þúsund ár: 870-1870, fyrri hluti*. Reykjavík: Iðunn.
- Þorleifur Óskarsson. (2002b). *Saga Reykjavíkur í þúsund ár: 870-1870, seinni hluti*. Reykjavík: Iðunn.
- Þóroddur Bjarnason, & Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2012). *Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi*. Sótt af: <https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2012/Starfsemi.pdf>
- Þóroddur Th. Sigurðsson. (1986). Vatnsveita Reykjavíkur. *Sveitarstjórnarmál, 46*(4), 160-167.
- Östby, L. (2019). [Lokalisering av statlige arbeidsplasser og nordisk regionalpolitisk samarbeid].